

25/-1956.

Skógarvörðurinn á Austurlandi

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRINN 1955

Sigurður Blöndal

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Austurlandi fyrir árið 1955.

1. Veðurfar.

Veðurathuganamaðurinn á Hallormsstað, Páll Guttormsson, gefur eftirfarandi yfirlit yfir veðrattuna hér 1955:

Fyrstu 3 mánuðir ársins voru frostharðir, einkum febrúar. Heild arhitastig þessara mánaða er hið lægsta, síðan mælingar hófust hér, og samanlagt úrfelli með því allra minnsta.

I apíl, maí og júní var úrfellið allt að 1/3 undir meðallagi, og hitastigio var í tæpu meðallagi. Frostkaflinn, sem kom frá 12. - 20. maí, var óvenjulega harður á þeim tíma árs.

Júlí og ágúst voru með hæstu hitasummu samanlagt, er hér hefir mælt. I júlí var ákaflega sólrikt og mikinn hluta af ágúst. Úrfelli var mjög lítið, einkum í júlí. I júlí var mistur í 6 daga og 2 í ágúst.

Landátt var ekki nárrí eins algeng í september og í júlí og ágúst, en úrfellið var í góðu meðallagi.

I október var úrfellið aðeins 1/5 af meðalúrfelli í þeim mánuði. Attin var hág, breytileg. Loftið var oftast kalt.

I nóvember var úrkoma minni en í meðallagi og hitinn 1,5 stigum yfir meðallagi.

I desember var vindurinn alltaf kaldur. Það var eini mánuður ársins, þegar alltaf var alhvítt, en snjórinn var þó óstíð grunnur. Hitinn var 3 stigum undir meðallagi.

Hitastig, úrfelli og sólskinsstundir einstakra mánaða var:

	J	F	M	A	M	J	J	A	S	O	N	D
Hiti	-2,9	-4,3	-1,1	4,3	4,2	8,9	13,9	12,5	7,8	1,5	2,3	-3,4
Úrf.	32,6	65,7	19,2	91,0	12,8	43,2	13,5	28,1	69,5	15,7	59,0	38,4
Sólsk.	-	-	-	103	227	174	211	164	101	-	-	-

Meðalhiti júní-sept. 10,8 stig - við frá meðallagi +1,1 stig.

" mai -sept. 9,5 " - " " " +0,6 "

Arsúrkoma 488,7 mm - 213,9 mm undir meðallagi.

A.s.l. vori var komið fyrir lágmarkshítamali alveg við yfirborð jarðar í skógarjaðrinum ofanvið Efstareit í Mörkinni.

Lægsta hitastig á árinu var 19. janúar -16,2 stig.

Hæsta " " " " 24. júlí 26,0 "

Síðasta vorfrost kom 8. júní -1,6 stig - við jörð mældust þá -4,8 stig

" frost við jörð kom 25. júní -2,8 stig - í malaskýli þá 0,5 °

Fyrsta " " " 1. ág. -0,5 " - " " " 3,0 °

" frost í malaskýli 1. sept.-1,5 " - við jörð þá -4,6 °

Dagar með 20 stiga meðalhita og meira urðu 14 á sumrinu á tímabilinum 7. júlí til 11. ágúst.

Við höfum að gamni reiknað út eftir töflu prófessors Morkks í fjöldum vaxtarreininga fyrir júní, júlí og ágúst. Niðurstaðan varð: I júní 54,41, í júlí 96,63 og í ágúst 81,58. Alls í 3 mánuði 232,62 vaxtarreiningar. Þetta er meira en á einni þektri strandstöð í Brændalögum sumarið 1938, en samsvarar stöðvum í 7-800 m hæð yfir sjávarmál í Suður-Noregi sama sumar. Því miður vantar upplýsingar um fjölda vaxtarreininga á stöðvum í Norður-Noregi, en þær eru að vera hægt að fá frá Mork nú. Gæti það verið mjög frólegt. Ennfremur væri frólegt að gera samþurð við einhverjar stöðvar hér á landi.

## 2. Girðingafrankvæmdir.

Litlu var kostað til venjulegs viðhalds girðinga á árinu - eða um 1.400 kr. Hins vegar var frá ágústbyrrjun hafin endurnýjun á Markargirðinguunni og skógargirðinguunni á Bjarginu og byrjað á alveg nýnir girðingu í Hafursárlandi. Verki þessu stjórnæði Guðmundur Pálsson frá Hjálmsstöðum af mikilli prýði. Skal nú framkvæmdunum lýst:

Markargirðingin er nú orðin meira en 50 ára gömul og hefir dug að framúrskarandi vel, en endurnýjun hennar er samt orðin óhjákvæmi-leg, þar eð neðstu strengirnir eru viða orðinir vallgrónir og girðin in því of lág. Þá var hliðið á girðinguunni orðið algerlega ónytt, svo að ekki varð komist hjá að reisa nýtt og breiðara og heppilegar staðsett en hið gamla fyrir umferð stórra vorubifreiða.

Gamla girðingin var tekin upp meðfram þjóðveginum og um 100 m langur kafli af austurhlíðinni. Var þetta síðan girt með nýju neti og gaddavír, og nýir járnstaurar settir með þjóðveginum, en hinir gömlu, sem mega heita óskammadir, notaðir á austurvængnum. Vinnan við þetta kostaði um 1700 kr. Lengd endurgirta kaflans er 240 m.

Steypt var nýtt hlið við þjóðveginn og reyndist allur kostnaður við það verk um 2.000 kr. Þessi mikli kostnaður stafaði af því, hvenn grunnur var óhentugur. Purfti því geysimikið anna í sökkul.

Bjarggirðingin, sem reist var árið 1927, var nú orðin svo lélegt að endurnýjun hennar boldi enga bið lengur. Var þessi kafli nú gerður úr nýju efni, nema hvað hægt var að nota járnstaura úr gömlu girðinguunni og dálitið af tréstyttaum. Lengd nýja kaflans er 2.300 m.

Nýja girðingin er lögð nokkuð örðruvísí en hin gamla, þar eð reynsla hafði sýnt, hvar snjóar lögðust mest á hana. Voru nú þreddir eftir því sem hægt var hávabar, þar sem snjó skefur af, og tekinn var afgirðinguunni krókur, sem lá nokkuð suðvestur fyrir Fverbjarg. Við þetta tókst að nota 230 m langan kafla af Fverbjarginu, sem er engu fær nema fulginum fljúgandi. Fyrir því er nýja girðingin 550 m styttri en hin gamla. En þessi stytting kostaði það að girða purfti yfir gil eitt, sem fyllist af snjó á vetrum. Mun nú tíminn leica í ljós, ~~þort~~ girðingin stenzt þar.

Hin nýja girðing virðist í alla staði hin ~~þau~~ justasta, enda veitir í ekki af, þar eð hún liggar líklega á köflum í um 400 m hað yfir sjávarmál og ísing getur orðið mjög mikil þarna. Þar hún mjög viða styrkt fyrir hliðarskjálfta með þrihyrningum úr tré.

Auk nýs vírnets og gaddavírs var notað eftirfarandi af nýju efni:

Burðarstaurar: Birki 120 stk., lerki 80, belgiskir járnstaurar 28, amrískir járnstaurar 50. Alls 278 stk.

Styttrur: 240 stk. úr birki og 190 úr lerki. Alls 430 stk.

Hornstaurar úr tvöföldum braggabogum: 11 stk.

Einfaldir braggabogar í fluggirðingar: 8 stk.

Stáltunnur í lauki: 5 stk.

Vinnukostnaður við þessa girðingu varð 21.000 kr. og kostnaður við efnisflutning 3.000 kr. Alls 24.000 kr., eða teplega kr. 10.500 á km.

Jarðýta flutti efnið uppá Bjargsel, en þaðan var það flutt á klakk að girðingarstaðinu.

Auk þess efnis, sem hér hefir verið talið, var flutt uppá Bjargsel eftirtalið efni til notkunar við áframhaldandi endurnýjun skógar girðingarinnar frá Hálshliði útað Hafursá:

16 rúllur af víneti.

80 stk. burðarstaurar úr birki og lerki.

10 " járnstaurar.

Er flutningur þess meðtalinn í ofangreindum flutningskostnaði.

Hafursárgirðing. Þessi girðing verður 1.200 m löng og er stæði fyrir hana mjög gott og auðvelt að vinna að uppsetningu. Efni var flutt á girðingarstæðið á jarðytu. Lokið var við að reka niður burðarstaura og ganga frá hornstaurum. Auk vírnets og gaddavírs, sem í pessa girðingu þarf, hafa verið settir í hana

160 stk. burðarstaurar úr birki,

10 " amrískir járnstaurar og

ca. 200 " styttur úr birki liggja á girðingarstæðinu.

Vinnu- og flutningskostnaður nam samtals um 3.000 kr.

Pípuhlíðið við Hafursá er orðið mjög lélegt. Þaði er veggrindi alltof lítil á alla vegu og a.m.k. helmingi of langt bil er milli bípanna. Auk þess er hliðið skakkt við nýja þjóðveginn, sem lagður var fyrir nokkrum árum neðanvið Hafursártún. Voru því gerðar ráðstafir til að gera þarna nýtt pípuhlíð. Okkur bauðst veggrind, sem Sauðfjárveikivarnirnar áttu við Lagarfljótsbrú, og var hún keypt. Kostati grind þessi 2.000 kr., og taldi Einar Semundsen það góð kaup. Þá var jarðýta látin gáfa gryfju undir hið nýja hlið, svo að hegt verði að steypa það strax næsta vor, aður en umferð hefst að ráði.

### 3. Skógarhögg.

A þessu ári var langmest höggið neðst í Lýsishól kringum Stekkjarstíg. Var lítilsháttar grisjað þar af birkiskógi, sem atlað er að standa áfram, en mest grisjað á svæðum, sem þegar hefir verið gróðursetthi (grisjaður skermur yfir öllu sítkagreninu og nokkru raut greni) og grisjað svæði, sem gróðursetja má í grenitegundir og lerki á vori komanda. Þó mun petta svæði hrökkva skammt, ef gróðursett verður nokkuð að ráði. Hér fékkst allmikið magn af girðingastaurum.

Yzt í Partinum var grisjað dálítið í því skyni að fá girðingastaura.

Þá var nokkuð grisjað fyrir gróðursetningu á Atlavíkurklettum ofan þjóðvegar, en hverfandi lítið felli þar af nothefum viði.

Loks var lítils háttar grisjun framkvæmd á Tófuklöpp, neðan þjóðvegar í Ásunum.

Þótt eftirspurn eftir skógvíði til eldsneytis sé þvíær horfin, er allataf nokkuð pantat af girðingastaurum og hugsanlegt er, að auka megi eftirspurn á þeim, ef þeir eru vel flokkaðir. Var í haust tekin upp slik flokkun, og er hún sem hér segir:

		lengd	toppþvm.
Burðarstaurar	I	1,80 m	8 - 10 cm
"	II	1,80 "	5 - 8 "
"	III	1,30 "	5 - 8 "
Styttur		1,30 "	3,5 - 5 "

Evermálið er mælt á berki. Þegar er sýnt, að flokkun þessi meðist vel fyrir hér í nágrenninu. Burðarstaurar III eru atlaðir á skuðbarma, þar sem ekki þarf nema 3 strengja gaddavírsgirðingu.

Viðarhöggjöld á árinu nam alls um 27 tonnum. Er þá miðað við, að af burðarst. I fari 100 stk. í tonnið, af burðarst. II 180 stk., af burðarst. III 300 stk. og styttum 500 stk. Af þessu magni var:

Eldiviður ..... ca. 15,00 tonn

Burðarstaurar I 25 stk. " 0,25 "

" II 1.450 " 8,00 "

" III 85 " 0,30 "

Styttur 1.600 " 3,20 "

Alls 26,75 tonn.

Eftirtaldar birgðir eru fyrirriggjandi við Áramót:

Eldiviður .....	ca. 6 tonn
Burðarstaurar I ....	15 stk.
" II ....	220 "
" III ....	75 "
Styttrur .....	450 "

Auk þessa þeir 30 burðarstaurar, sem liggja á Bjargseli og nefndir voru áður.

Við síðustu áramót voru taldar miklu meiri birgðir af eldiviði en nú, en allmikið magn af þeim birgðum muž hafa verið viður, sem tekinn var að fúna. Hefir hann einvörðungu verið notaður hér á staðum, en aðeins seldur viður, sem ekki hafði legið yfir sumar.

Fyrir jölin voru felld nokkur rauðgrenitré í Mörkinni og 2 af gamla rauðgreninu við Jökullæk, enn fremur 1 fjallabínur í suðurhorn gamla græðireitsins. Þá voru felldar nokkrar broddfurur úr lundinum í Efri-Mörkinni. Allt voru þetta tré, sem nauðsynlegt var að fella. Neskaupstaður og Seyðisfjarðarkaupstaðir keyptu 2 stærstu trén, sem reist voru þar sem almenningsjólatré átorgum. Beði trén voru 6 m há. Fór rauðgrenitré frá Jökullæk til Neskaupstaðar, en fjallabínur úr Mörkinni til Seyðisfjarðar. Toppar flestra hinna grenitrjánna reyndust vel nothaef jólatré og voru þau seld félögum og stofnunum hér austanlands. Verzlanir hér á Héraði og á Reyðarfirði fengu héðar það, sem þær purftu af jólagreinum.

Seld jólatré voru 7 talsins, 32, kg af furugreinum og 45 kg af grenigreinum. Auk þessa voru Landgráðslusjóði send til reynslu 185 kg af grenigreinum, en höfðu ekki reynt söluhæfar.

Verðmæti viðarafurða ársins 1955:

Andvirði seldra jólatrjáa og greina .....	kr. 2.263,00
Andvirði selds eldiviðar .....	" 1.650,00
Girðingastaurar:	
Andvirði seldra .....	kr. 5.932,50
Verðmæti afhentra til skógarfirð-	
inga á jörðum einstaklinga ..	" 1.500,00
Verðmæti staura í Bjarggirðingu ....	" 1.658,50
" í Hafursárgirðingu ..	" 1.820,00
" birgða .....	" 3.033,00 " 13.944,00
Alls 17.856,00	

Kostnaður við skógarhögg varð alls kr. 18.095,00 á árinu. Enda pött hinar litlu birgðir af eldiviði, sem til eru, seldust, er greir lega halli á skógarhögginu, þegar jólatrén og greinarnar eru frá teknar. Það er samt bjartsýn á, að svo þyrfti ekki verða í framtíðinni, ef hegt væri að húggva meira af staurunum á samfelliðum svæðum en gert hefir verið. Allmikið hefir nefnilega verið gert að því að leita að staurum yfir stórá svæði, þegar purft hefir að afgreiða pantanir í flytti. Ef alltaf er hegt að eiga nokkrar birgðir, ætti ekki eins að koma til þess.

#### 4. Græðireitur.

Nýrækt. Sumarið 1954 var rutt 1.300 m<sup>2</sup> svæði uppeftir í áfram-haldi af Efstareit, en hafði ekki verið plægt. Engin tökk reyndust að gera svæðið nothaft til dreifplöntunar á þessu sumri. En nú var það plægt og herfað í júníþyrjun og síðan herfað aftur um miðjan ágúst, er móbold hafði verið ekið í það. Þá voru grafin í svæðið 65 m löng holræsi og notað í þau grjót. Loks var ekið í það 37 bíl-

hlössum af móbold og 10 bílhlössum af mykju. Alls kostuðu framkvæmdir passar teplega 7.800 kr., og er þá ekki meðtalinn áburður og kostnaður við hann.

Breytingar á gamla reitnum. Byrjað var á að sameina í eitt miðsvæðin tvö í Neðstareit. Þegar því verður lokið, mun vinnuðstaða í þessum reit bætna að mun. Til þess að koma þessu í kring, þurfti að hækka neðra svæðið nokkuð, og fóru í það 35 bílhlöss af móbold, sem dreift var undir gróðurmoldarlagið (en því var ýtt til hliðar að meðan). Auk þess var ekið í uppfyllta svæðið 12 bílhlössum af sandi. Atti því þessi reitur að verða í ágætu ástandi í nokkur ár.

Nú er protin sandnáman í melnum útaf Hallormsstaðarbænum, og verður því að sekja sandinn í Gunnlaugsstaðavík, um 10 km leioð heðar.

Kostnaður við endurbót þessa varð um 6.000 kr.

Áburðarnotkun. Af tilbúnum áburði var þetta notað á árinu í græðireitinn:

350 kg brennisteinssúrt kali,  
500 " prífosfat,  
550 " ammóniumnitrat.

Af húsdýraáburði var notað eftirfarandi:

60 tonn sauðatað (20 bílhlöss)  
6 " kúamykja (2 " )

Auk þessa þau 10 bílhlöss af kúamykju, sem ekið var í nýja svæðið í haust.

Birgðir af áburði í árslok:

500 kg brennisteinssúrt kali,  
700 " prífosfat,  
250 " ammóniumnitrat,  
9 tonn suaðatað.

Auk þessa er eftir að taka á Hafursá 18 tonn af suðataði, sem greitt var á s.l. vori með salpétri í skiptum, svo að þetta magn má telja til birgða.

Allur kostnaður við innkaup, flutning og dreifingu á áburði varð um 17.500 kr. á árinu.

Fleira um jarðvinnslu. Auk þess, sem hér hefir verið talið, var ekið í græðireitinn 3 bílhlössum af móbold og 8 bílhlössum af sandi eða samanlagt í nýrekt og gamla reitinn

20 bílhlössum af sandi og  
75 " " móbold.

Það var til mikils hægðarauka við mótekjuna, að hægt var að moka beint úr skurðuppmokstrum á Ormsstöðum. Á hinnum böginn tafði það fyrir, er moldin var tekin í endurbótina á Neðstareit, að ekki var nema rekustunga á klaka, og var þó kominn 20. júní!

Sáning. Eftirfarandi tafla sýnir, hverju og hve miklu var sáð vorið og haustið 1955. Eins og fræseðlarnir bera með sér, var nú sáð óvenjulega seint. Það stafaði af hinum afskaplegu brengslum í græðireitnum. Á sáningarsvæðinu stóð allmikið af plöntum til dreifsetningar, svo að ekki var hægt að byrja vinnslu undir sáningu fyrr en þetta ~~þó~~ fái verið dreifsett. En dreifsetningin gat ekki

Frasáning á Hallormsstað vor og haust 1955.

Tegund	Uppruni	Merkí	kg	m <sup>2</sup>	Fra s.r
Birki, íslenzkt	Bæjarstaður	001-100-54	3,000	77,6	301
Birki, íslenzkt	Hallormsstaður	003-100-54	9,000	168,3	302
Hengibjörk	Storhove, Romed.N	4001-200-54	0,200	5,6	324
Steinbirki	Elizarovskhér. R	4101- -54	0,500	6,2	303
Gráelri	Rognan, Salten N	4200-200-54	0,500	18,4	325
Reynir, íslenzkur	Ymsir staðir	33,885	45,0		
Brodd-og blágreni	Sapinero, Colo.B	2050-3100-54	1,620	69,0	304
Rauðgreni	Ivdél, Úral, R	3416-150-54	1,000	34,5	307
Rauðgremi	Norður-Helgel. N	3405-100-51	2,000	66,0	159
Sitkagreni	Cordova A	108-100-54	1,000	33,6	308
Sitkabastarður	Lawing Moose P.A	401-200-51	3,000	60,5	164
Rússalerki	Karpinsk, Úral R	3650- -54	0,500	19,4	309
Rússalerki	Arkang.-Vélsk R	3651-150-54	1,000	20,3	310
Síberíulerki	Askís, Krasnojar R	3602-500-54	2,000	71,4	311
Síberíulerki	Chebalinsky R	3601-1200-53	0,700	27,0	312
Gráfura	Salida, Colo. B	2650-3300-54	1,000	18,5	313
Broddfura	Salida, Colo. B	2200-3500-54	0,500	18,2	314
Hnöttfura	Sapinero, Colo.B	2600-2300-54	0,015	0,5	315
Gulfura	Sapinero, Colo.B	2500- -54	0,225	5,9	316
Kontortafura	Skagway, A	1001-250-53	0,500	13,0	170
Kontortafura	Sapinero, Colo.B	1002-3200-54	0,100	3,9	317
Kontortafura	Salida, Colo. B	1003-3300-54	0,200	5,8	318
Skógarfura	Troms strönd N	3003- 100-38	1,500	34,5	319
Sveigfura	Sapinero, Colo.B	2550-3100-54	0,030	0,9	320
Hvítþinur	Sapinero, Colo.B	2400-3000-54	1,500	25,1	321
Fjallapölli	Lawing, A	604- -54	1,000	21,3	322
Marþölli	Cordova, A	700-100-54	0,100	5,3	323
Alls			66,575	875,7	

A = Alaska. B = Bandaríkin. N = Noregur. R = Ráðstjórnarrikin.

hafizt fyrr en afhendingu plantna úr reitnum var lokið. Þannig rekur sig eitt á annars horn, meðan ekki er hægt að láta a.m.k. 1/4 hluta græðireitsins liggja í tröö ár hvert.

Segja má, að sáningarnar tekjust allvel allt um petta, og var það að pakka hinu óvenjuhlýja sumri. Þó voru fræplöntur ekki eins fallagar í haust einsog eftir sunarið 1953.

Rótarbruni gerði verulegan usla í lerkiniu frá Karpinsk og Vélsk einkum hinu síðarnefnda, en ekki mikinn í síberíulerkinu og öruru te undum.

Um spírun einstakka tegunda og staðbrigða visast til fræseðlann

Sakir þeirrar reynslu, sem fékkst sumarið 1954 með sáningu kontortafuru (fræið spiraoi ekki fyrr en s.l. vor að neinu ráði), var nú kontortafurunni sáð í haust. Þen ekki varð nóg pláss til að sá henni allri.

Keypt var til viðbótar allmikið af gluggum yfir fræbeö, en ekki hægt að taka alla í notkun í sumar, þaréð gler vantaði og kom ekki fyrr en í haust. Eru nú til gluggar yfir 280m<sup>2</sup>. Þá var keypt timbur í nýja karma fyrir tæpar 2.800 kr., en ekki var það alveg allt notað. Loks var smíðaður nýr rásavaltari fyrir sáningu, þar eð valtari, sem

smiðaður var á Selfossi í fyrra og sendur hingað þá, reyndist ónot-hefur. En áhald þetta dregur allmikið úr kostnaði við sáningu, mið-að við eldri aðferðir.

Alls nam kostnaður við vor-og haustsáningu liðlega 7.500 kr., eða kr. 8.57 á m<sup>2</sup>, og er það ívið minna en áætlað var á m<sup>2</sup> á skógar varðafundinum.

Dreifsetning. Eins og aftirfarandi tafla sýnir, voru alls dreisettar 372.060 plöntur barr- og lauftrjáa og 7.150 græðlingar, eða samtals 379.210 plöntur. Ær það langsamlega mesta dreifsetning hér græðireitnum til þessa. Það eru hinarr miklu sáningar 1953, sem nú fóru að segja til sín. Svo til allt voru þetta barrtré. Það er vita-skuld slækt, að ekki skyldi vera hægt að dreifsetja neitt birki í þetta sinn, en þess var enginn kostur sakir plássleysis, enda varð ekki pláss fyrir öll barrtré, sem þurft hefði að dreifsetja.

Að þessu sinni voru öll barrtré dreifsett langseftir beðum, og notaði hver stúlka 3 bretti. Þessi aðferð reyndist beði léttari og fljótlegrí en sú sem áður var notuð, og verkið áreiðanlega eins vel af hendi leyst. 266.000 plöntur voru dreifsettar í ákvæðisvinnu og unnu 4 stúlkur að dreifsetningunni, alls rúm 40 dagsverk. Meðaldags-afköst þessara 4 stúlkna í ákvæðisvinnu reyndust nálagt 6.400 plöntum. Þó hafði ein þeirra ~~XXXXXX~~ aldrei snert á þessu verki fyrr og önnur raunar engin stúlka, heldur kona á sjötugsaldri! Mestu dags-afköst einnar stúlku urðu rúmlega 9.500 plöntur. Þetta eru mjög aukin dagsafköst frá því sem verið hefir hér í græðireitnum. Það þótti gott, ef dagsafköst urðu 5.000 plöntur. Enginn vafi er á, að afköst-in myndu enn aukast verulega, ef skákirnar í græðireitnum væru lengri en nú er.

Einsog að líkum letur var veður til dreifsetningar mjög óhag-statt á sumrinu vegna hins sterka sólskins og burru suðvestanvinda. Var því mikil vinna lögð í að vökva plönturnar eftir dreifsetningu, og má vafalaust þakka því, að ekki virtist mikil af dreifplöntum far forgörðum á þessu sumri.

Kostnaður við dreifsetninguna varð alls rúmlega 23.000 kr., eða 6,1 eyrir á plöntu (græðlingar meðtaldir).

Aftir töflunni yfir dreifsetningu 1955 kemur svo önnur yfir plöntur til dreifsetningar á vori komanda. Höld helzta, sem þar gati reynzt oftalið, er broddgrenið frá Sapinero. Það var mjög skemmt í toppinn eftir s.l. vetur - MacLeod sitkagrenið naunar líka (en Homer sitkagrenið alveg óskemmt) - og gæti höld sma orðið uppi á tenningnum nú líka. Kannski er heldur ekki mikil eftirsjá, þótt nokkuð fari forgörðum af broddgreninu fyrir dreifsetningu, þar eð allar súgur herma lítið ágæti þessarar trjátategundar.

Afhentar plöntur. Hér fer á eftir tafla yfir afhentar plöntur úr græðireitnum á s.l. vori. Reyndust þer rúmlega 14.000 fleiri en niðurstæða talningar haustið áður sýndi. Rauðgrenið varð að visu 7.000 færra en áætlað, en birki lerki og skógarfura miklu fleiri. Mistök þau urðu í sambandi við ribsíð, að við urðum innligsa með um 600 plöntur af því, sem tóku allmikið pláss. Þar eð sala á ribsí gefur ágetan arð, varí eskilegt, að slikt byrfti ekki að koma fyrir aftur.

Vorið 1954 varð eftir nokkurt magn af 2/2 lerki, sem teknið var upp s.l. vor. Voru plöntur þessar geysistórar ofanjarðar, en reyndust, þegar til kom, hafa alltof lítið rótarkerfi miðað við hað. Vanhöld á þeim eftir gróðursetningu urðu mjög mikil, einsog neint verður síðar. Þessi reynsla sýnir, að ekki má 12ta lerki standa 3 sumur í dreifbeði, a.m.k. ef það verður ekki fyrir því meiri topp-skemmdum.

Dreifplöntun á Hallormsstað 1955:

✓ Rauðgreni:

Norsku staðbrigðin 10, 2/0:		gríðar um 1918
Mittre Hedmark....	6.287	
Namdal ytre .....	13.753	
Høylandet .....	7.403	
Vestfold .....	5.063	
Vang, Hedmark ....	2.692	
Sör-Helgeland ....	8.672	
Sparbu .....	10.345	
A 300 .....	5.360	
O 200 .....	6.134	
Rana .....	4.788	70.999
Drevja, Vefsen, Noregi, 2/0 ...	93.368	
Baden, Pýzkalndi, 2/0 .....	2.335	
4 staðbrigði norsk, 2/3 & 3/3 :	9.633	176.335

✓ Sitkabastarður:

Lawing, 3/0 .....	15.604	
Lawing, 2/0 .....	50.598	66.202

✓ Hvítgreni:

Granite Creek, 2/0 .....	19.398	
Tek Junction, 3/0 .....	5.780	
Glennallen, 3/0 .....	1.455	
Alaska Hwy., 3/0 .....	400	
Moose Pass, 3/0 .....	5.536	
Falkriver, 3/0 .....	5.128	37.697

Knik

✓ Sitkagreni:

MacLeod, 3/0 .....	15.697	
Seward, 2/0 .....	29.988	
Homer, 2/2 .....	969	46.654

✓ Broddagreni:

Sapinero, 2/0 .....	17.967	
Denver, 2/0 ... Blágrein ...	3.230	21.197

Blágrein, Colorado, 4/0 .....	1.404	
-------------------------------	-------	--

Fjallapöll, MacLeod, 4/0 .....	12.322	
--------------------------------	--------	--

Broddfura, Hallormsstaður, 2/0 .....	160	
--------------------------------------	-----	--

Skógarfura, Schwarzwald, 2/0 .....	1.500	
------------------------------------	-------	--

Siberískt lerki, Hakaskoja, 2/2 .....	2.310	
---------------------------------------	-------	--

✓ Hengibjörk:

Finnland, 2/0 .....	680	
Rognan, 3/0 .....	340	1.020

Flyt 366.301

Dreifsetning 1955 (framhald).

Fluttar 366.801

✓ Reynir:

Hrafnkellsstaðir, 2/0 .....	3.816
Imsir staðir, 2/2 .....	<u>1.443</u>
	5.259

Barrtré og lauftré alls	372.060
-------------------------	---------

Graðlingar:

Pingviðir .....	4.000
Gulviðir .....	2.000
Heggur .....	400
Alaskaösp, Hallormsstað .....	450
Alaskaösp, Tumastaðir .....	<u>300</u>
	7.150

<u>Dreifsetning alls</u>	379.210
--------------------------	---------

Plöntur til dreifsetningar á Hallormsstað 1956:

Larix europea, Schlitz, Pýzkaland, 2/0 .	1.300 ✓.
Larix europea, Boxbacka, Finnl., 2/0 ...	540
Larix dahurica, Boxbacka, Finnl., 2/0 ..	440 L. G. knur?
Larix sibirica, Chebalinsky, Altai, 2/0	8.200
Pinus aristata, Fairplay, Colo., 2/0 ...	1.750
Pinus silvestris, Troms dalir, 3/0 ....	24.500
Picea abies, Drevja, Vefsen, 3/0	67.800
" " Trysil, 2/2/2 ....	650
" " Rana, 2/2/2 .....	<u>240</u>
Picea Engelmanni, Colo., 2/3 .....	11.110
Picea pungens, Sapinero, Colo., 3/0 ....	141.400
Picea glauca, Moose Pass, 2/3 .....	2.510
Picea sitchensis, Seward, 2/3 ...	3.000
" " Homer, 2/2 ....	1.625
" " Homer, 3/0 ....	6.900
" " MacLeod, 3/0 ..	<u>149.000</u>
	160.525
Betula pubescens, Bæjarstabur, 3/0 ....	8.500
Betula papyrifera, Lazy Mount., 2/2 ....	3.900
Ulmus montana, Rognan, 1/0 .....	<u>6.000</u>

<u>Alls</u>	439.365
-------------	---------

Afhentar plöntur (framhald af bls. 7).

Pess verður loks að geta hér, að s.l. vor kom greinilega í ljós, að óhjákvamilegt verður að koma upp fyrir vorið skýli til að sortera í söluplöntur og pakka þeim. Skilyrðin til pess eru með ölli óviðunandi einsog er, þar eð petta hefir verið gert undir berum himni.

Kostnaður við upptöku, sorteringu og þökkun söluplantna reyndist tæplega 19.500 kr., eða um 11,7 aura á plöntu. Ær þá ekki talinn kostnaður við flutning plantnanna til hafnar eða á flugvöll.

Plöntur afhentar úr græðireitnum 1955:

'Sælum' 54

Birki .....	42.937	
Reynir .....	2.610	
Pingviðir .....	905	
Gulviðir .....	1.315	
Ribs .....	198	
Sólber .....	11	
Auðgreni .....	50.663	
/ Siberiskt lerki .....	49.148	$\frac{1}{2}$ Hak. 10.600 + Hak $\frac{2}{3}$
/ Sitkagreni <del>Pigaf. Bay</del> $\frac{3}{2}/2$ 729		— Pig. Bay 100
/ Skógarfura .....	17.545	$\frac{1}{2}$ Tr. dahl 4.160
/ Hvitgreni <del>72/3</del> .....	186	$\frac{1}{2}$ Hamerøy 900
		$\frac{1}{10}$ Tr. innhav. 6.000
		$\frac{1}{6}$ Hamerøy 3.000
		<u>Alls 166.297</u>

Söluplöntur á vori komanda. Skýrsla um talningu á söluplöntum fyrir vorið er ekki höfð hér með, þar eð Einar Sæmundsen hefir væntanlega skilað henni.

Orsökin til hins óskaplega falls í plöntuframleiðslunni þetta vor er fyrst og fremst, hve sumarið 1952 var stutt og kalt. Spirun var þá mjög slæm og plöntur proskuðust illa. Þess ber og að minnast, að 1952 var sáð hér geysimiklu af sitkagrenifräi (liðlega 12 kg í 203 m<sup>2</sup>), en aðeins fjórðungur þess var undir gleri, og var því varla von, að vel tækist til, einsog veðráttu var hattab þetta sumar.

Ennfremur hefir blágrenið, sem sáð var til 1951, verið afarlengi á leiðinni, svo að það mun fyrst að ráði koma á markaðinn vorið 1953.

Loks er þess að geta, að skógarfurðan, sem sáð var til 1953 og nú kemur á mafkað, brást gersamilega. Pau 4 kg, sem sáð var, hefðu átt að gefa nokkra tugi þúsunda plantna, en aðeins 6 þúsund reynast söluhæfar.

þreið

Vatnsveita. Efnið í hina sjálfvirku vatnsveitu, sem pantaoð var s.l. vor, kom ekki hingað fyrr en í haust, en hægt verður að setja veituna upp fyrir vorið. Af vatnsveitu þessari ætti að leiða þeð sparnað og öryggi í rekstri stöðvarinnar.

## 5. Gróðursetning.

Gróðursett var í skóginnum sem hér segir:

### Siberiskt lerki:

Innan Króklækjar við línu 2, Hakaskoja 2/2 .....	750
Utan Ormsstaðagrundar, Hakaskoja 2/2 .....	300
Innan Króklækjar milli línu IV og V, neðan línu I,	
Hakaskoja 2/3 1.150 og Hak. 2/2 900	2.050
Ofan Atlavíkur, Hakaskoja 2/3 345 og Hak. 2/2 1.740 .....	2.085

Innan Atlavíkur (bætt í eldri gróðurs.), Irkutsk 2/2/2	350
Innan Króklækjar (bætt í eldri gróðurs.), Hak. 2/3 ...	190
Neðst í Mörkinni (skjólbelti), Hakaskoja 2/3 .....	<u>200</u>
	6.425

Rauðgreni:

Neðst í Lýsishól: Solör 3/3	1.850
Trysil 2/3	1.000
Umeå 2/3	750
Rana 2/3	<u>525</u>
	4.125

Sitkagreni:

Neðst í Lýsishól: Pigot Bay 3/2/2	440
Öviss uppr. 2/2	<u>100</u>
	540

Hvítgreni:

Neðst í Lýsishól: Kenai 2/2/3 .....	150
-------------------------------------	-----

Bergfura:

Á Atlavíkurkletti: Úrstavik .....	200
-----------------------------------	-----

Skógarfura:

Á Atlavíkurkletti: Innhavet 2/2/2	475
Innhavet 3/0	40
Troms dalir 2/2	150
Öviss uppr. 2/2	<u>150</u>
	815

Gróðursetning alls	12.255
--------------------	--------

Petta er heldur meiri gróðursetning en áætlun skógarvarðafundarins segir fyrir um. Ástæðan til þess að vikið var frá áætluninni, er þessi:

Miklar toppskemmdir urðu á Hakaskojalerkinu, sem var til sölu. Akveðið var að afgreiða ekki plöntur, sem væru kaldar lengra niður en til miðs. Var þá eftir nokkuðt magn, sem annað hvort varð að kasta eða freista að gróðursetja hér í skóginum. Síðari kosturinn var tekinn, og var svo að sjá í haust, að vanhöld hefðu orðið mjög lítil á gróðursetningu þessara plantna. Þá bar allmikið á toppskemdirnum á rauðgreninu (einkum Solör) og sitkagreninu. Toppskemmdir plöntur voru ekki afgreiddar héðan, en í þess stað gróðursettar hér. Vanhöld á þeim í sumar urðu nær engin.

Unnur saga var með 2/3 Hakaskojalerkið. Vanhöld á því urðu geysileg, líklega um 70%. Var þó miklu til kostauð að vanda gróðursetingu þess sem bezt, t.d. látnir 4 hnifar af mold úr græðireitnum með hverri plöntu (þær eða rótarkerfið var mjög lítið). Með einum 150 plöntum var látin álika mikil græðireitsmold, sem var ~~XXXXXX~~ gegnbleytt. Þær plöntur lifðu að heita allar.

Hvítgrenið og skógarfurðan voru afgangar, sem ekki þótti ástæða til að senda burt.

Kostnaður við gróðursetninguna varð mjög mikill, um 16.500 kr., eða til jafnaðar kr. 1,35 á plöntu. En þess ber þá að gæta, að af þessu kostauði um 5.000 kr. að gróðursetja 2.235 2/3 Hakaskojalerki. Á hinum plöntunum (sem geta kallast venjulegar skógarplöntur) varð kostnaður kr. 1,15 á plöntu. Ef gróðursetningin á rauðgreni, sitka-

greni og hvítgreni í Lýsishól er tekin sér, reyndist kostnaður við hana kr. 1,00 á plöntu.

Innifalin í þessum kostnaði er vinna við að leggja lím á gróðursetningarsvæðinum í rastir, en sá háttur var nú tekinn upp og gekk þá sjálf gróðursetningin miklu greiðlegar en ella og ekki nein háttu að, að limi yrði kastað ofaná plöntur, sem búið var að gróðursetja. Athugun á kostnaði við þetta verk á einu gróðursetningarsvæðanna í vor leiddi í ljós, að það myndi kosta um 1.500 kr. á hektara með lílmagni af limi og hér er viðast í skóginum eftir sterka grisjun. Af 7 manns, sem unnu verkið, voru 5 stúlkur.

#### 6. Byggingar.

Haldið var áfram að vinna nokkuð í verkafolksbústaðnum. Lokið var við snyrtiherbergi á ganginum uppá loftið og lokið var við norðurstafnsherbergið. Þá voru gólfir niðri málum. Keypt var ný eldavél í húsið og 2 ofnar í herbergin uppá lofti.

Nú eru í húsinu 3 svefnherbergi fyrir verkafólk, er rúma 15-16 manns, 1 herbergi fyrir ráðskonu og annað fyrir verkstjóra, auk skrifstofu verkstjórans. Þann er miðhluti loftsins óinrréttar. Þar myndi heppilegast að innréttta smekklega baðstofu með arni og bekjur meðfram veggjum, er nota mætti sem svefnpláss.

Að utan var þak hússins, húrðir og gluggar malað á ný. Gamli járnskálinn var og malaður ~~XXXX~~ utan, þar eð fyrirsjáanlegt er, að hann mun verða að standa enn um nokkur ar.

#### 7. Vegagerð.

I sambandi við endurgirðingu á Bjarginu var jarðyta látin lagfara svonefndan Skriðalsveg uppá Bjargsel, svo að nú má skrönlast þangað á jeppum. Leiðin er sem næst 1,7 km. Samt er enn ófundin viðunandi leið uppá Hólabörðin náilegt húsmádraskólanum.

Þá var ruddur rúmlega 200 m langur nýr vegur í áframhaldi af Stekkjarstíg ofanvið Ormsstaðalón og gamli vegurinn lagfærður dálitið, m.a. settur svelgur í hann á einum stað, þar sem oft varð ófert á vetrum.

Nýi spottinni gerir nú kleyft að hefjast handa um skógarhöggi uppundir miðjan Lýsishól, þar sem er eitt ákjósanlegasta land til grenigróðursetningar í öllum skóginum. En óhjákvæmilegt mun verða aí malbera pennan veg, ef hann á að vera far allt árið.

Loks má geta þess hér, að Vegagerð ríkisins léti byggja upp nýja í breiðan þjórvég frá Dýasi innað Kliftjörn gegnum Ormsstaðamýrar og Ormsstaðatún. Þer þessi kafli um 850 m langur og hin meista sangöng bót í skóginum, ekki sízt að vetrarlagi. Verður hann væntanlega malborinn á vori komanda.

Hafist var handa á þessu sunri við að lagfara svæðið kringum verkafolksbústaðinn, jafnaðir moldarhaugar og liparitmhöl borin í. Áskilegt væri að geta komið umhverfi hússins sem fyrst í fagurt hori. Uppdráttur hefir verið gerður að eins konar garði kringum húsið, og voru í sunnar fluttað nokkrar sembrafurur og settar niður sem fyrsti vísir að garði þessum.

#### 8. Landmelingar.

A.s.l. vetri var teiknað kort af svæðinu milli Kerlingarár og Jökulláskjar eftir melingum þeim, sem gerðar voru sumurin 1953 og 1954, en þetta hefir hingað til verið aðalathafnasvæði í skó-

inum. Er kortið í mælikvarðanum 1:2000.

Gerðir voru nákvæmir upplétrattir í mælikvarða 1:1000 af öllum svæðum, sem gróðursett hefir verið í til ársins 1954. Reyndist sama 18gö gróðursetning 1906-1954 (að báðum árum meðtoldum) um 15,5 ha, en eriendar trjáttegundir alls 19 talsins. Eftir er að gera upplétratt af gróðursetningarsvæðum 1955.

Öll horn skógargirðingarinnar, Markargirðingarinnar og tungirðingarinnar á Hellormsstæð voru auðkennd fyrir loftmyndatöku. En því miður misheppnaðist myndatakan, svo að vinna verður upp aftur verkið við merkingarnar, þegar nest verður myndað.

## 9. Tjámelingar.

Litið var gart í pessu efni á árinu. Þó var meldur birkiskóður á 0,1 ha við Stekkjaðstíg neðst í Lýsishól. Var tilgangurinn að sjá hver myndi vera vöxtur í birkiskógi, sem telja mátti í sumilegum vexti. Baldur Þorsteinsson reiknaði út niðurstöður, en þær urðu:

Trjáafjöldi 2.200 á ha.

Aldur ca. 29 ár.

Móþalheið 6,0 m.

Hæsta tré 9,0 m.

Vöxtur 9%.

Ársvöxtur 2,5 m<sup>3</sup> á ha.

Annars voru aðeins meld nokkur einstök tré til gamans. Niðurstöður urðu þessar:

	Heð í m	Pvm. í cm
Hæsta lerkitréð frá 1922 .....	11,85	25,3
Stærsta blágrenið í Efri-Mörkinni .....	11,00	33,0
Hæsta rauðgrenið í Efri-Mörkinni .....	8,75	13,3
Ársproti pess var s.l. sumar 55 cm langur og hinn langlengsti á nokkru		
grenitré hér á sumrinu.		
Hæstu tréð í Guttormslundi .....	8,30	-

## 10. Nokkur orð um vöxt og þrif trjágróðurins hér 1955.

Birkiskóðurinn taldist allaufgaður 2. júní og lauffall varð 5. - 15. október.

Vöxtur hinna ýmsu tegunda varo mjög misjafn á pessu sumri. Birki óx best allra tegunda, miðað við vöxt næstliðin ár, en suður síberískra lerkis óx afbragðsvel, einkum í Guttormslundi.

Vöxtur villte birkisins hér í skóginum varð aðbúvitað mestur í ungskógi. Allt að 30 cm ársprotar hafa fundist á ungum birkitrjám á viðavangi, og viða um 50 cm. Alaskabirki og ísl. birki í graðireitnum óx líka prýðilega.

Ársprotar lerkisins í Guttormslundi voru greinilega lengri en 1954, en ekki eins langir í gróðursetningu frá 1951.

Greni- og furutegundir uku áberandi verr en 1954. Þetta er cinna greinilegast á skógarfuru, kontortafuru og sitkagreni. Sítkagrenið, sem gróðursett var 1949, hefir ekki síðustu árin haft eins stutta ársprota og í sumar. Hlýtur hinn óvenjumikli purrkur að valðar einhverju um. Rauðgreni óx allvel, en greinilega minna en árið áður.

Einsog verið hefir venja skógarvarðarins á Austurlandi undanfarin ár, mældi ég lengd ársprota í heillii röð í nokkrum gróður-

setningum. Er ákveðin röð merkt í hverjum reit, svo að næstu árin má mæla sömu tré til samanburðar. Hér set ekki að eins meðallengd (skamnatafač ml.) ársprota í röð og af hve miklum fjölda trjaa, lengsta ársprota (1.á.), sem tekst að finna í einstakri gróðursetningu, og hæsta tré (h.t.).

Hér koma niðurstöðurnar:

Abies lasiocarpa í Efri-Mörkinni. Gróðursettur 1936. Ml. af 13 trjám 11,9 cm. L.á. 34 cm. H.t. 2,60 m.

Picea pungens í Efri-Mörkinni. Gróðursett 1936. Ml. af 45 trjá 8,1 cm. L.á. 34 cm. H.t. 2,70 m.

Innan við Króklæk voru 1936 gróðursett hvað innanum annað Picea Engelmanni og pungens. Hér er mæling á ársprotum úr einni röð, þar sem þáðar tegundir eru sitt á hvað og vaxtar skilyrði ættu að vera hi sömu:

Picea Engelmanni. Ml. af 19 trjám 15,5 cm. næstu trén og ársprotalengð þeirra:

1. 4,00 m - 25 cm

2. 3,40 " - 37 " 1.á. í gróðursetningunni.

3. 3,10 " - 35 "

Picea pungens. Ml. af 9 trjám 8,8 cm.

Pinus silvestris á Atlavíkurstekk, gróðursett 1941. Ml. af 18 trjám 23,2 cm. L.á. 41 cm. H.t. 2,90 m.

Pinus contorta var. latifolia á Atlavíkurstekk, gróðursett 1941. Ml. af 30 trjám 31,8 cm. L.á. 44 cm. H.t. 3,25 m.

Picea glauca á Atlavíkurstekk, gróðursett 1940. Ml. af 16 trjá 9,1 cm. L.á. 19 cm. H.t. 2,40 m.

Picea sitchensis í Lýsishóli, gróðursett 1949. Ml. af 22 trjám 11,6 cm. L.á. 30 cm. H.t. 1,50 m.

Larix sibirica milli Kerlingarár og Króklækjar, gróðursett 1951. Hér voru ekki mældir ársprotar einsog í hinum reitunum, en málí brugðið á næstu trén. H.t. 1,85 m og fjöldamörg á bilinu 1,50 - 1,7 m, en flest sennilega kringum 1 m. L.á. 53 cm, en ml. líklega um 25-30 cm.

Í flestum öðrum gróðursetningum eru trén enn svo ung og litil, að ekki er óstæða til að mæla þau.

Þess verður að geta, að hin miklu haustfrost 1954 orsókuðu allverulegt toppkal á síberíská lerkinu, bæpi hinu eldra og yngra. Fyrir því bar í sumar mjög mikil tvítoppum í öllu lerki, einkum þó í Guttormslundi. Sama er að segja um broddgrenið, sem hefir nú mjög óreglulega toppa. Hins vegar gætti þessa lítið á örnum tegundum, sem ljúka vexti fyrr á sunnin. En það er reynslan hér, að lerki byrjar hæðarvöxt öllum tegundum seinna og lýkur honum líka seinna.

Það er líka mjög mikill munur á því, hve blágrenið, sem sagt er vera frá Arapaho Nat. For., byrjar vöxt fyrr en broddgrenið frá sömu slóðum. Þótt ekki væri af óró, er hægt að greina tegundirnar sundur á þessu, þar sem þær vaxa saman.

Birkimáðkur. Æginn teljandá maðkur kom í ljós við laufgun. Um mánaðamót júní/júlí fer nokkuð að bera á honum. Var það mest í eldri skógi, en minna í skógi, sem var í góðum vexti. Það var eftirtaktarvert, að í Lýsishól bar mest á maðkinum í belti samsíða hæðarlinum miðsvaðis í hölnum. Hvergi mun maðkurinn þó hafa valdið skeimndum að ráði í petta sinn.

Furubarrhlús. Lúsin magnaðist mjög frá árinu áður í skógarfurru á Atlavíkurstekk (gróðurs. 1941). Þer sýnilegt, að hún mun leggja nokkur tré að velli. Um miðjan ágúst var furan újuð með blæðani.

pá gerði lúsin vart við sig í yngri gróðursetningum af skógarfurum við Jökullæk (frá 1949-52) og voru einstaka plöntur alteknar. Hér var úðað með nikótínsúlfati.

Ískyggilegast var þó, að í sumar varð hennar í fyrsta sinn vart á kontortafurunni frá 1940. Var þegar úðað með nikótínsúlfati. Ær nú eftir að sjá, hvort úðunarverk þetta ber árangur. En allmikil vinna var í það lögð og kostnaður um 1.500 kr.

## 11. Ferðaiðg.

Engar meiri háttar ferðir fór ég um umdamið á þessu sumri. En nefna má ferð til Breiðdals ásamt skógræktarstjóra síðast í ágúst, sem sem ákveðið var stæði undir nýja skógræktargirðingu skógræktarfélags sveitarinnar og skoðaðar gróðursetningar undanfarinna ára.

Annars fór ég stuttar ferðir hér um Fljótsdalshérað og hitti að málí ýmsa menn, sem skógrækt átunda.

EKKI vannst tími til að hefja gerð spjaldskrár þeirrar, sem ræt var um á síðasta skógarvarðafundi.

## 12. Sitt af hverju.

Af erlendum gestum, er hingað komu á s.l. sumri og skoðuðu skóg inn, má auk Jørgens Mathiesens, sem kom í fylgd skógræktarstjóra, nefna ritstjóra "Norsk Skogbruk", Kåre Westlund, og konu hans. Einnig kom hingað einn af bankastjórum Alþjóðabankans í New York, Hollenzkur maður, og hona hans bandarisk. Voru gestir þessir heppnir með veður og lýstu hrifningu sinni yfir árangrinum, sem náðst hefir í skógræktinni hér.

Annars var ferðamannastraumur hingað í skóginnum s.l. sumar hinn mesti til þessa. Ein afleiðing þess var, að mikill tími fór í að sýna fólk graðireitinn og annað markvert í skógræktinni. Ég held þeim tíma megi teljast vel varið, því að menn lýstu undantekningarlaust að dálni sinni á því, sem fyrir augu bar, spurðu ótrúlega margum skógræktarmál og hlyðdu af mikilli athygli á fróðleik þann, sem við staðarmenn gátum miðlað um starf okkar og aðskiljanlegar náttúru-ur trjágróðurins. Ær ég sannfærður um, að þetta fólk hefir farið héðan með að skoða trú á þýðingu og framtíð skógræktar í landinu.

Skózkur skógræktarstúdent frá Edinborg, Sandy Macpherson að nafni, vann hér í skógræktinni í tópa tvo manuði í sumar. Reyndist hann hinn ágætasti piltur og gat frætt mann um ýmislegt, einkum varðandi lerkirækt, en lerki er eitt mesta eftirlatistre skózkra skógræktarmanna, að hans sögn. Metti vel verða áframhald á því, að skózkir skógræktarstúdentar ynnu hér, ef þeir óska þess.

Hér mun nú hafa verið greint frá hinu heizta, sem gerzt hefir og framkvæmt hefir verið í skógræktinni hér á Hallormsstaði á árinu 1959. Viða hefði verið freistandi að geta þess, um leið og rétt var um einstük atriði, hverjar óskir við bárum fram um nýjar framkvæmdir og hverju er ábótanvant til þess að hægt sé að reka starfsemina hér á sem hagkvamastan hátt. En þessi skýrsla er taplega vettvangur til þess. Rammí hennar myndi áreiðanlega gliðna algerlega, ef það væri gert.

EKKI er hægt að setja lokapunktinn aftanvið, án þess að nefna það, sem reikningarnir sýna þó ljósast, að verulegga hefir verið fara í framur kostnaðaráætlun þeirri, sem gerð var fyrir reksturinn hér á skógarvarðafundinum s.l. vetur. Ástæðurnar til þess eru margar og

myndi langt mái að skyra þær. En ég held óhátt sé, að segja, að  
mjög erfitt hafi verið að komast hjá þessu einsog á stóð. En einnig  
mætti fára rök fyrir því, þótt ekki verði gert hér, að áætlun skógar-  
arvarðafundarins var þannig, að ógerlegt hefði verið að fylgja  
henni. Hún hefir í raun reynzt of ófullkominn. Þar petta atriði, sem  
skoða verður gaumgefilega á næsta skógarvarðafundi.

Hallormsstað 16. janúar 1956

Sig. Blöndul